



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Spænska – 3. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og læra nemendur ný orð og málnotkun í gegnum sögur og lög sem tengjast hverju þema. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 3. bekk eru eftirfarandi: Algengar kveðjur og tilfinningar, vikudagar, hrekkjavakan og dagur hinna dáu í Mexíkó, algengar sagnir, jól og áramót í spænskumælandi löndum, andlit og líkami, árstíðir og klæðnaður, hús og herbergi. Fræðsla um spænskumælandi lönd fléttast inn í kennsluna og jafnframt fá nemendur fræðslu í kringum Evrópska tungumáladaginn, þakkargjörðarhátíðina (þakklæti) og Valentínusardaginn (vinátta). Nemendur vinna ýmis verkefni í tímum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

Matsviðmið

Frásögn

Nemandi getur talað um tilfinningar sínar og líðan.

Nemandi getur lýst veðrinu.

Nemandi getur tekið þátt í samtalsæfingum í þorum eða litlum hópum.

Lesskilningur

Nemandi getur skilið einfaldar setningar út frá námsefni.

Nemandi getur skilið inntak stuttra texta út frá þeim orðaforða sem nemandi hefur lært .

Nemandi getur tengt orð og stuttar setningar við myndir.

Nemandi getur notað spjaldtölvur sem hjálpargögn.

Meningarlæsi

Nemandi getur talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað.

Nemandi getur sungið einföld lög á tungumálinu.

Nemandi þekkir muninn á Día de los muertos og Halloween.

Nemandi hefur þekkingu á hefðum í kringum jól og áramót í spænskumælandi löndum.

Námshæfni

Nemandi þekkir heiti á dögnum.

Nemandi þekkir heiti á árstíðum.

Nemandi þekkir heiti á algengum fatnaði.

Nemandi þekkir heiti yfir andlit og líkama.

Nemandi þekkir heit yfir mismunandi herbergi.

Ritun

Nemandi getur skrifað einfaldar setningar á spænsku.

Nemandi getur samið og skrifað einföld ljóð á spænsku.

Samskipti

Nemandi getur heilsað, kvatt og boðið góðan dag.
Nemandi getur spurt og svarað um líðan.
Nemandi getur spurt og svarað til um aldur.
Nemandi getur spurt og svarað til um nafn.

Virgni og samskipti

Nemandi getur tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.
Nemandi getur sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virgni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virgni og þátttöku í tímum og verkefni sem nemendur hafa unnið. Símat fer fram yfir veturinn í gegnum Mentor.

Yfirfarið og uppfært af tungumálateymi í október 2024.